

Refsing ákærða þykir eftir þeim refsilagaákvæðum, sem ákært er eftir, hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 600.00, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Ásgeir Samúelsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 600.00, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. maí 1982.

Nr. 250/1982. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur

vararíkissaksóknari)

gegn

Birgi Kristjánssyni

(Þorvaldur Ari Arason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 19. nóvember 1981. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd. Ágrip barst Hæstarétti 25. mars 1982.

Með bréfi 26. apríl 1982 hefur ríkissaksóknari lýst yfir því, að af hálfu ákæruvalds séu niður felldar úr ákæruskjali 30.

september 1981 tilvitnanir í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfelld ákærða fyrir brot þau, sem honum eru gefin að sök í ákæru, og varða brotin við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1 gr.

Eftir að héraðsdómur gekk, hefur ákærði sætt 3.000.00 króna sekt með dómi sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1981 fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga svo og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði hefur margsinnis sætt refsingum fyrir ölvunar-akstur, svo sem sakavottorð hans ber með sér. Refsingu hans ber að ákveða með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti fangelsi 2 mánuði.

Hann er sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Ara Arasonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. október 1981.

Ár 1981, mánudaginn 26. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 462/1981: Ákærvaldið gegn Birgi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. september sl., á hendur ákærða, „Birgi Kristjánssyni húsaviðgerðarmanni, Strandaseli 2, Reykjavík, fæddum þar í borg 22. október 1944, fyrir að aka föstudaginn 31. júlí 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt bifreiðinni G 12108 frá Drápuhlíð 19 í Reykjavík áleiðis að versluninni Málaranum við Grensásveg, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Hlíðahverfi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Föstudaginn 31. júlí sl., um kl. 1635, ók ákærði bifreiðinni G 12108, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, frá Drápuhlíð áleiðis að versluninni Málaranum við Grensásveg, en lögreglan stöðvaði akstur hans í Stigahlíð.

Ákærði hafði skömmu fyrir aksturinn drukkið erlendan bjór að Drápuhlíð 19.

Ákærði neytti ekki áfengis, eftir að akstri lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhól-rannsóknar af Ólafi Gísla Jónssyni lækni kl. 1705 sama dag. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.37‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1961 1/2 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. og 48. gr. umferðarlaga.
- 1962 7/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1963 7/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 1.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3. mán. frá 7/2 1963, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
- 1963 28/6 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 6/9 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: Varðhald í 8 daga fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
- 1965 14/4 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, skilorðsb. í 2 ár, fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1965 19/10 í Reykjavík: Dómur: 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 19/10 1965.
- 1966 7/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga. (Rofið skilorð dóms 14/4 1965).
- 1966 21/11 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 2. gr. laga nr. 73/1952.
- 1968 14/11 í Árnessýslu: Dómur: 20 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 24. maí 1968.
- 1969 3/2 í Gautaborg: Dómur: „Skyddtillsyn“ í 3 ár fyrir þjófnað.
- 1969 12/6 í Reykjavík: Dómur: 7. mán. fangelsi fyrir brot á 244. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum.
- 1971 10/6 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
- 1972 14/1 í Reykjavík: Dómur: 20 mán. fangelsi fyrir brot á 110., 155., 244., 248. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1974 17/10 í Reykjavík: Dómur: 7 mán. fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1975 7/2 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 155. gr. og 248. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1975 7/10 í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi fyrir brot á 155., 244., 247. og 248. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1975 10/11 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1976 25/8 í Reykjavík: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25.

- gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 25/8 1976.
- 1978 19/12 í Reykjavík: Dómur: 150.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 23/9 1978.
- 1978 20/2 Reynslulausn í 3 ár á eftirstöðvum refsingar, 146 dögum.
- 1979 10/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga (óafplánaðir fangelsisdagar skv. eldri dómum innifaldir).
- 1980 3/6 í Reykjavík: Dómur: Ákæru fyrir brot á 155., 247. og 248. gr. hegningarlaga vísað frá dómi.
- 1980 12/12 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á 27. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1980 22/12 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1981 26/6 í Reykjavík: Dómur: 12 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga, 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.
- 1981 10/8 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 25., og 50. gr. umferðarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 33. gr. áfengislaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 9.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 30 daga.

Þar sem ákærði hefur þegar verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, þykir ekki þörf á að kveða frekar á um ökuleyfis-sviptingu hans hér.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, greiði 9.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.